



## Fundur háskólaráðs 8. september 2005

### Fundargerð

Málsnúmer: HI05010007

Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundir, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn

Eigandi skjals: Kolbrún Einarsdóttir

Staða: Í vinnslu

### Dagsetningar:

Búið til: 18.08.2005

Dags: 08.09.2005

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)

101 REYKJAVÍK

Sími: 525 4000; 525 4300

Fax: 552 1331

---

11/2005

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2005, fimmtudaginn 8. september var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Anna Pála Sverrisdóttir, Bryndís Harðardóttir, Eiríkur Tómasson, Inga Jóna Þórðardóttir, Jóhannes R. Sveinsson, Jón Ó. Skarphéðinsson, Matthías Páll Imsland, Rögnvaldur Ólafsson og Vilhjálmur Árnason. Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

Í upphafi fundar bauð rektor fulltrúa í háskólaráði velkomna á fyrsta fund vetrarins. Þakkaði rektor ráðsmönnum fyrir heillaóskir sem þeir hefðu sent sér að afstöðnu rektorskjöri og lýsti einlægum vilja sínum til að eiga við þá gott og árangursríkt samstarf. Þá greindi rektor frá hugmyndum sínum um form og tíðni funda ráðsins í vetur. Loks gerði rektor að umtalsefni nýlega ákvörðun ríkisstjórnar Íslands að verja hluta af andvirði sölu Símans til nýbyggingar Landspítala – háskólasjúkrahúss og húss fyrir íslensk fræði. Af þessu tilefni lagði rektor til að háskólaráð sendi frá sér svohljóðandi fréttatilkynningu:

“Háskólaráð Háskóla Íslands fagnar heilshugar þeirri ákvörðun stjórnvalda að verja hluta af andvirði sölu Símans til nýbyggingar Landspítala – háskólasjúkrahúss á lóð spítalans við Hringbraut og til byggingar húss fyrir íslensk fræði á háskólasvæðinu.

Háskóli Íslands og Landspítali - Háskólasjúkrahús eiga með sér mjög nána samvinnu á sviði kennslu og rannsókna í læknisfræði, hjúkrunarfræði og öðrum greinum heilbrigðisvísinda. Uppbygging hátækisjúkrahúss mun verða mikilvæg lyftistöng fyrir háskólastarfsemi sjúkrahússins og gera stofnununum tveimur betur kleift að þjóna sameiginlegum markmiðum sínum í þágu allra landsmanna.

Fyrirætlanir um húsbyggingu fyrir íslensk fræði tryggja þeim veglegan og verðskuldaðan sess. Með þessu er stigið mikilvægt skref til þess að efla þá starfsemi sem fyrst og fremst fæst við að varðveita, rannsaka og rækta íslenska þjóðmenningu og tungu. Háskóli Íslands hefur frá öndverðu haft veg og vanda af kennslu og rannsóknum í íslenskum fræðum í nánu samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Örnefnastofnun, Orðabók Háskólans, Íslenska málstöð og Stofnun Sigurðar Nordals eftir að þær voru settar á laggimar. Háskólinn fagnar þessu framtaki stjórnvalda sem og þeirri viðurkenningu sem í því felst á mikilvægi þessarar starfsemi fyrir íslenskt samfélag.”

- Samþykkt einróma.

### 1. Erindi til háskólaráðs

1.1 Staðfesting breytingar á 4. gr. stofnskrár einkahlutafélagsins „Vísindagarðar Háskóla

Íslands“ og 9. gr. samþykkt þess, sem samþykktar voru á fundi ráðsins 4. des. 2003. Í stað orðanna „Stjórn félagsins er skipuð tveimur mönnum kjörnum af háskólaráði til eins árs í senn ....“ komi „Stjórn félagsins er skipuð allt að sex mönnum kjörnum af háskólaráði til eins árs í senn ....“ [breyting undirstrikuð]. Á fundi háskólaráðs 23. júní sl. var rektor veitt heimild til að ganga frá þessari breytingu á milli funda ráðsins, sbr. tölvubréf 27. júní sl.

Rektor gerði grein fyrir málinu.

- Samþykkt einróma.

- 1.2 Tillaga að breytingu á 1. mgr. 4. gr. reglna um Endurmenntunarstofnun H.Í. nr. 844/2001.

Rektor gerði grein fyrir málinu.

- Samþykkt einróma.

- 1.3 Stjórnir, nefndir og ráð:

a. Kjör eins manns í stjórn Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. í stað eins stjórnarmanns sem óskar eftir því að hverfa úr stjórn.

b. Skipun stjórnar Stofnunar Sæmundar fróða, sbr. síðasta fund.

c. Skipun fulltrúa H.Í. í stjórn Endurmenntunarstofnunar Háskólans, sbr. síðasta fund.

d. Kjör eins fulltrúa í vísindanefnd háskólaráðs til tveggja ára frá 1. júlí 2005 að telja, sbr. síðasta fund.

e. Fulltrúar háskólaráðs í samráðsnefnd Félags prófessora og Háskóla Íslands, sbr. erindisbréf nefndarinnar sem samþykkt var á síðasta fundi.

f. Skipun stjórnar Orðabókar Háskólans.

g. Skipun stjórnar Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands.

h. Skipun ráðs um málefni fatlaðra.

i. Kjör nýs formanns Alþjóðaráðs Háskóla Íslands.

- a. Kjör eins manns í stjórn Vísindagarða Háskóla Íslands ehf.

Rektor tilnefni Sjöfn Sigurgísladóttur, forstjóra Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins, í stað eins fulltrúa sem látið hefur af störfum.

- Samþykkt einróma.

- b. Stjórn Stofnunar Sæmundar fróða, sbr. síðasta fund.

Háskólaráð skipar stofnuninni fimm manna stjórn til þriggja ára í senn. Tveir stjórnarmanna skulu vera í aðalstarfi utan Háskóla Íslands. Formaður stjórnarinnar er skipaður skv. tilnefningu rektors. Sjá 5. gr. reglna nr. 526/2005 fyrir stofnun Sæmundar fróða.

Tillaga um skipun.

Þóra Ellen Þórhallsdóttir, prófessor í líffræði, formaður, tilnefnd af rektor.

Gunnar Pálsson, sendiherra og skrifstofustjóri auðlinda- og umhverfisskrifstofu utanríkisráðuneytis.

Matthías Imsland, deildarsérfræðingur í iðnaðarráðuneyti.

Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbanka Íslands.

Birgir Hrafnkelsson, lektor í véla- og iðnaðarverkfræði.

- Samþykkt einróma.

- c. Staðfesting á skipun stjórnar Endurmenntunarstofnunar Háskólans, sbr. síðasta fund.

Með fyrirvara um að háskólaráð samþykki tillögu að breytingu á 1. mgr. 4. gr.

Reglna nr. 844/2000 um Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands, sbr. lið 1.2 á dagskrá, er lagt til að eftirtalin verði skipuð fulltrúar og varafulltrúar í stjórn

Endurmenntunarstofnunar.

Tillaga um skipun.

Án tilnefningar til næstu tveggja ára (til 30.6.2007):

Ásta Hrönn Maack, skrifstofustjóri rekstrar og framkvæmda.

Til vara: Árelía E. Guðmundsdóttir, lektor í viðskiptafræði.

Guðrún Theódórsdóttir, aðjúnt í íslensku fyrir erlenda stúdenta.

Til vara: Guðrún Nordal, prófessor í íslenskum bókmenntum.

Róbert Spano, dósent í lögfræði.

Til vara: Guðný Björk Eydal, lektor í félagsráðgjöf.

Jón Ólafur Skarphéðinsson, prófessor í lífeðlisfræði.

Til vara: Björg Þorleifsdóttir, aðjúnt í lífeðlisfræði.

Magnús Þór Jónsson, prófessor í véla- og iðnaðarverkfræði.

Til vara: Anna Soffía Hauksdóttir, prófessor í rafmagns- og tölvuverkfræði.

Tilnefningar aðildarfélaga:

Ágúst Úlfar Sigurðsson, tilnefndur af BHM.

Til vara: Kolbrún Baldursdóttir.

Hilmar Þór Björnsson, tilnefndur af Arkitektafélags Íslands.

Til vara: Tilnefning hafði ekki borist fyrir fundinn.

Sigurður M. Garðarsson, tilnefndur af Verkfræðingafélagi Íslands.

Til vara: Helgi Hjálmarsson.

Halldór A. Guðmundsson, tilnefndur af Tæknifræðingafélagi Íslands.

Til vara: Gísli Nordahl.

Ósa Knútsdóttir, tilnefnd af félagi framhaldsskólakennara.

Til vara: Anna María Gunnarsdóttir.

- Samþykkt einróma.

- d. Kjör eins fulltrúa í vísindanefnd háskólaráðs til tveggja ára frá 1. júlí 2005 að telja, sbr. síðasta fund.
- Eftir stóð á síðasta fundi háskólaráðs 23. júní sl. að kjósa einn fulltrúa í vísindanefnd háskólaráðs til næstu tveggja ára að telja (til 30.6.2007). Rektor leggur til að Ingibjörg Harðardóttir, dósent í lífefnafræði, verði kjörin í nefndina. Ferillsskrá Ingibjargar var send út með fyrra fundarboði.
- Samþykkt einróma.
- e. Fulltrúar háskólaráðs í samráðsnefnd Félags prófessora og Háskóla Íslands, sbr. erindisbréf nefndarinnar sem samþykkt var á síðasta fundi.
- Samkvæmt erindisbréfi nefndarinnar skipar háskólaráð þrjá fulltrúa í hana til þriggja ára í senn. [til 30.6.2008]. Formaður er valinn sérstaklega af háskólaráði og er lagt til að Guðmundur R. Jónsson, framkv.stj. rekstrar og framkvæmda verði formaður, eins og í öðrum samráðsnefndum háskólaráðs og kjarafélaga. Auk hans eiga sæti í nefndinni af hálfu ráðsins (skv. erindisbréfinu) framkvæmdastjóri fjárreiðusviðs (Gunnlaugur H. Jónsson) og starfsmannastjóri Háskólans (Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir). Óskast þetta staðfest.
- Samþykkt einróma. Jóhannes Rúnar Sveinsson tók ekki þátt í skipuninni.
- f. Stjórn Orðabókar Háskólans, sbr. 4.gr. reglna nr. 736/2001.
- Háskólaráð skipar stofnuninni þriggja manna stjórn og einn til vara, til fjögurra ára í senn, að fengnum tilnefningum hugvísindadeildar. Stjórnin skiptir með sér verkum.
- Tilnefningar hugvísindadeildar eru:
- Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í íslenskri málfræði.
- Margrét Jónsdóttir, dósent í íslensku fyrir erlenda stúdenta.
- Mörður Árnason, alþingismaður.
- Varamaður er tilnefndur Haraldur Bernharðsson, stundakennari í íslenskri málfræði.
- Samþykkt einróma.

- g. Stjórn Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands, sbr. 5. gr. reglna nr 501/2002. Háskólaráð skipar ellefu manna stjórn til þriggja ára í senn. Fjórir eru skipaðir beint af háskólaráði án tilnefningar, þrír skv. tilnefningum aðila að samstarfssamningi um stofnunina sbr. 2. mgr. 1. gr og fjórir stjórnarmanna eru skipaðir að fengnum tillögum þeirra sem aðild eiga að stofnuninni, sbr. 6. gr. Stjórnin kýs sér formann og varaformann úr þeim hópi sem háskólaráð skipar án tilnefningar.

Tillaga um skipun stjórnar.

Án tilnefningar:

Aðalheiður Jóhannsdóttir, dósent í umhverfisrétti.

Baldur Þórhallsson, dósent í stjórn málafræði.

Kristín Loftsdóttir, dósent í mannfræði.

Valur Ingimundarson, dósent í sagnfræði.

Fulltrúar tilnefndir af innlendum aðilum:

Sigríður Á. Snævarr, sendiherra og staðgengill ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins.

Kristrún Heimisdóttir, lögfræðingur Samtaka iðnaðarins.

Gústaf Adolf Skúlason, forstöðumaður stefnumótunar- og samskiptasviðs Samtaka atvinnulífsins.

Fulltrúar tilnefndir af erlendum aðilum.

Alyson Bailes, forstöðumaður sænsku friðarrannsóknarstofnunarinnar.

Dr. Anders Wivel, dósent í alþjóðasamskiptum við Kaupmannahafnarháskóla

Dr. Christine Ingebritsen, dósent í stjórn málafræði við Seattleháskóla.

Dr. Clive Archer, prófessor og forstöðumaður European Research Institute í Manchester.

- Samþykkt einróma.

- h. Ráð um málefni fatlaðra.

Háskólaráð skipar níu manna ráð um málefni fatlaðra til þriggja ára í senn, skv. 4. gr. reglna nr. 497/2002 um sértæk úrræði í námi við Háskóla Íslands þar af eru þrír fastafulltrúar, jafnréttisfulltrúi Háskólans, skrifstofustjóri námsráðgjafar og ráðgjafi sem hefur umsjón með málaflokknum innan námsráðgjafar. Aðrir eru skipaðir skv. tilnefningum Félags háskólakennara og Félags prófessora, stjórnsýslueininga innan skólans, skrifstofustjóra deilda, og stúdentaráðs.

Tillaga um skipan ráðs um málefni fatlaðra til 30. júní 2008.

Fastafulltrúar:

Sigrún Valgarðsdóttir, jafnréttisfulltrúi.

Magnús Stephensen, skrifstofustjóri námsráðgjafar.

María Dóra Björnsdóttir, námsráðgjafi.

Tilnefndir fulltrúar:

Rannveig Traustadóttir, prófessor í félagsfræði, tilnefnd af Félagi háskólakennara og Félagi prófessora.

Valpór Sigurðsson, byggingarstjóri, tilnefndur af rekstrar- og framkvæmdasviði.

Gísli Fannberg, verkefnisstjóri, tilnefndur af kennslusviði.

Lilja Þorgeirsdóttir, verkefnisstjóri, tilnefnd af starfsmannasviði.

Ásdís Guðmundsdóttir, skrifstofustjóri, tilnefnd af skrifstofustjórum deilda.

Hallgrímur Gunnþórsson, tilnefndur af stúdentum.

- Samþykkt einróma.

- i. Skipun formanns alþjóðaráðs til 2ja ára.

Lagt er til að Anna Agnarsdóttir, dósent í sagnfræði verði skipuð formaður ráðsins.

- Samþykkt einróma.

- 1.4 Erindi frá hugvísindadeild. Tillaga að breytingu á 105. gr. reglna H.Í. nr. 458/2000 og á 14. og 16. gr. reglna deildarinnar um framhaldsnám nr. 952/2002 (sbr. einnig reglur nr. 600/2005). Báðar tillögurnar varða meistaranám í deildinni. Minnisblað lagt fram.  
- Rektor gerði grein fyrir tillögu hugvísindadeildar og var hún samþykkt einróma.
- 1.5 Undirbúningur meistaranáms í lýðheilsufræði, sbr. síðasta fund.  
- Rektor greindi frá aðdraganda og stöðu málsins. Í máli rektors kom m.a. fram að Haraldur Briem, sóttvarnarlæknir og dósent við læknadeild, hefði tekið að sér umsjón með undirbúningi þessarar nýju námsleiðar. Þótt faglegur undirbúningur námsins væri langt kominn væri fjármögnun þess enn ekki tryggð að fullu og því hefði verið ákveðið að hrinta námsleiðinni ekki úr vör nú. Málið var rætt ítarlega og samþykkt einróma að fela rektor að skipa starfshóp til að vinna áfram að undirbúningi námsins.
- 1.6 Umsögn starfshóps rektors sem skipaður var á fundi ráðsins 9. desember sl. til að fara yfir málefni Sáttmálasjóðs, sbr. fund ráðsins 27. janúar sl.  
Inn á fundinn kom Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri rekstrar og framkvæmda, og rakti framvindu málsins á síðustu mánuðum. Málið var rætt ítarlega og svaraði Guðmundur framkomnum spurningum og athugasemdum.  
- Samþykkt að fela rektor að ræða málið við forstöðumenn þeirra stofnana sem í hlut eiga. Jafnframt verði lögmanni Háskólans falið að fara yfir lögfræðileg álitaeftni í málinu.
- 1.7 Skilgrein stjórnar Borgarfræðaseturs og yfirlit yfir starfsemi þess árin 2000-2005. Lögð fram tillaga til háskólaráðs um fjárhagslegt uppgjör vegna Borgarfræðaseturs.  
Magnús Diðrik Baldursson gerði grein fyrir málinu og var það rætt.  
- Í samræmi við tillögu stjórnar Borgarfræðaseturs og samþykkt Borgarráðs Reykjavíkur samþykkir háskólaráð að loka reikningum Borgarfræðaseturs með greiðslu 2.900.000 kr., eða ígildi um helmings af umsömdu framlagi vegna fimmta starfsársins.

## **2. Mál á dagskrá**

- 2.1 Undirbúningur að gerð nýrrar áætlunar fyrir H.Í. til næstu fimm ára.  
Rektor gerði grein fyrir framlögðu minnisblaði sínu með drögum að verk- og tímaáætlun fyrir stefnumótun og gerð framkvæmdaáætlunar Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2006-2010. Málið verður áfram á dagskrá háskólaráðs.
- 2.2 Fjárhagsstaða Háskólans. Form og framsetning fjárhagsyfirlita.  
Inn á fundinn kom Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar. Rektor gerði grein fyrir framlögðum gögnum um fjárhagsstöðu Háskólans og rekstur hans á fyrri helmingi ársins 2005. Í máli rektors kom m.a. fram að rekstur Háskólans á fyrstu sex mánuðum ársins er nokkru betri en á sama tíma í fyrra, en hallinn nemur 121 m.kr. samanborið við 189 m.kr. árið áður. Enn eru þó ýmislegt óuppgert, s.s. óuppgerðar launabætur ársins 2005, uppgjör Reiknistofnunar við deildir sem og framkvæmdir vegna nýbygginga. Á heildina litið stefnir í að afkoma ársins verði svipuð og í fyrra en þá nam hallinn 137 m.kr. Lagðar voru fram skýringar og aðgerðaráætlanir frá forsvarsmönnum deilda og stjórnsýslueininga þar sem mikill halli kemur fram í sex mánaða uppgjöri. Málið var rætt ítarlega og svöruðu rektor og Ingjaldur framkomnum spurningum og athugasemdum.  
- Háskólaráð beinir þeim tilmælum til Reiknistofnunar að uppgjöri við deildir Háskólans verði framvegis flýtt. Einnig óskar háskólaráð eftir því við viðskipta- og hagfræðideild að deildin geri nánari grein fyrir þeim sparnaðaraðgerðum sem hún hyggst grípa til. Loks er rektor, deildarforseta hugvísindadeildar og formanni fjármálanefndar falið að fara yfir fjárhagsstöðu hugvísindaeildar.

- 2.3 Skipulagsmál háskólalóðar og Vatnsmýrar. Alþjóðleg hugmyndasamkeppni. Lögð fram tillaga til háskólaráðs um þátttöku í samkeppninni. Rektor gerði grein fyrir málinu og framlögðum gögnum. Málið var rætt.
- Háskólaráð samþykkir að Háskóli Íslands taki þátt í undirbúningi alþjóðlegrar hugmyndasamkeppni á vegum Reykjavíkurborgar um skipulag Vatnsmýrarinnar. Jafnframt felur háskólaráð rektor að fylgja samþykktinni eftir gagnvart borgarstjóra með vísan til fyrirheita um lóð (svonefnda Fluggarða) til handa Háskóla Íslands á svæðinu suðaustan við Óskju.
- 2.4 Hugmyndir Samstarfsnefndar háskólastigsins um efnisatriði vegna endurskoðunar laga um háskóla. Rektor greindi frá því að á vegum menntamálaráðuneytisins er nú verið að vinna að endurskoðun á almennum lögum um háskóla og reifaði framlagt bréf Samstarfsnefndar háskólastigsins með hugmyndum háskólanna um efnisatriði sem æskilegt er að tekið sé tillit til vegna endurskoðunar laga um háskóla. Málið var rætt.

### **3. Mál til fróðleiks**

- 3.1 Starfsáætlun háskólaráðs 2005 – 2006.
- 3.2 Fundargerð 17. háskólafundar 26. maí 2005.
- 3.3 Úrskurður kjaranefndar, 28. júní 2005.

### **4. Önnur mál**

- 4.1 Stúdentadagurinn og nýnemavika. Anna Pála Sverrisdóttir kynnti stuttlega dagskrá yfirstandandi nýnemaviku Stúdentaráðs og væntanlegs stúdentadags.

Fleira var ekki gert.  
Fundi slitið kl. 15.45